



SAMKOMULAG UM AÐ LJÚKA MÁLI MEÐ SÁTT

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (hér eftir fjármálaeftirlitið) hefur haft til meðferðar mál er varðar meint brot Arion banka hf. (hér eftir málsaðili) gegn 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Með bréfi, dags. 29. mars sl., lýsti málsaðili yfir vilja sínum til að ljúka málinu með sátt. Málið var lagt fyrir fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands 31. maí sl. sem taldi málið upplýst og forsendur til að ljúka málinu með samkomulagi um sátt við málsaðila.

I. Málsmeðferð

Málsaðili er viðskiptabanki samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Með bréfi, dags. 7. janúar sl., upplýsti lögmaður viðskiptamanns málsaðila um atvik sem hann taldi fara gegn 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Með bréfi fjármálaeftirlitsins, dags. 10. mars sl., var málsaðila kynnt erindi lögmannsins og gefinn kostur á að tjá sig um efni málsins. Tekið var fram að brot gegn 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki gæti varðað sektum samkvæmt 36. tölulið 1. mgr. 110. gr. laganna, eða fangelsisrefsingu samkvæmt 22. tölulið 1. mgr. 112. gr. b sömu laga. Jafnframt var vakin athygli á heimild fjármálaeftirlitsins til að ljúka málinu með sátt.

Með bréfi, dags. 29. mars sl., upplýsti málsaðili að mannleg mistök hefðu valdið því að gögnum var miðlað með þeim hætti sem lýst var í erindi lögmannsins. Fram kom í bréfinu að málsaðili harmaði mistökin og ynni að því að bæta verklag og auka fræðslu til að draga úr líkum á að slíkt endurtæki sig. Óskaði málsaðili eftir að ljúka málinu með sátt.

II. Málsatvik

Hinn 7. desember 2021 fór fram kyrrsetningargerð þar sem kyrrsett var tiltekin upphæð á bankareikningi viðskiptamanns málsaðila.

Með tölvubréfi til málsaðila, dags. 8. desember 2021, krafðist lögmaður gerðarbeiðanda þess að bankinn lokaði fyrir úttektir af þeim bankareikningi sem tilgreindur var í kyrrsetningargerðinni. Jafnframt óskaði hann eftir því að fá senda stöðu reikningsins og yfirlit yfir hann frá því kyrrsetningargerðin fór fram.

Með tölvubréfi sama dag svaraði starfsmaður málsaðila lögmanni gerðarbeiðanda. Viðhengt svarinu var skjal sem innihélt heildarstöðu viðskiptamanns málsaðila hjá bankanum, þ.e. yfirlit yfir stöðu innlánsreikninga, stöðu kreditkorts, öll útlán og hreyfingar á tilteknum bankareikningi viðskiptamanns málsaðila þrjá mánuði aftur í tímann.

Kyrrsetningarbeiðnin var endurupptekin hjá sýslumanni 13. desember 2021 og lagði lögmaður gerðarbeiðanda fram áður nefnd gögn sem málsaðili hafði látið honum í té um viðskiptamann málsaðila, ásamt því að upplýsa um hvernig gögnin hefðu borist honum. Í kjölfarið á því sendi lögmaður viðskiptamannsins bréf til fjármálaeftirlitsins, dags. 7. janúar 2022, þar sem hann upplýsti um atvik sem hann taldi fara gegn 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

III. Lagagrundvöllur

Í 1. mgr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki segir:

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þá segir í 36. tölulið 1. mgr. 110. gr. sömu laga að fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn 58. gr. um þagnarskyldu. Í 5. mgr. 110. gr. segir enn fremur að stjórnvaldssektum verði beitt óháð því hvort lögbrot séu framin af ásetningi eða gáleysi.

Óumdeilt er að með tölvubréfi 8. desember 2021 lét starfsmaður málsaðila lögmann gerðarbeiðanda, sem telst óviðkomandi aðili, í té gögn sem innihéldu upplýsingar um viðskiptamálefni viðskiptamanns. Um var að ræða umfangsmiklar upplýsingar um heildarstöðu skulda og eigna ásamt hreyfingaryfirliti á bankareikningi viðskiptamanns hjá málsaðila. Ljóst má vera að upplýsingar í gögnunum féllu undir þagnarskyldu 1. mgr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Samþykki viðskiptamannsins lá ekki fyrir ofangreindri upplýsingagjöf starfsmanns málsaðila. Braut málsaðili þannig gegn 1. mgr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

IV. Niðurstaða

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi, með þeirri háttsemi sem lýst er að framan, brotið gegn 1. mgr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Fyrir liggur vilji málsaðila til að ljúka málinu með sátt.

Brot gegn 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 36. tölulið 1. mgr. 110. gr. sömu laga. Samkvæmt 3. mgr. 110. gr. laganna skal við ákvörðun stjórnvaldssekta taka tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega og fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 2. mgr. 110. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á lögnum með sátt með samþykki málsaðila, sbr. 111. gr. laga um fjármálafyrirtæki og reglur nr. 326/2019 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í málinu hefur fjármálaeftirlitið horft til þess að með því að hafa afhent upplýsingar um viðskiptamann sem falla undir þagnarskyldu 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki hefur málsaðili framið alvarlegt trúnaðarbrot gagnvart viðskiptamanni sínum. Þá er horft til þess að trúnaðarupplýsingarnar sem um ræðir voru verulegar að umfangi. Á móti kemur að um stakt tilvik var að ræða sem virðist mega rekja til gáleysis starfsmanns málsaðila.

Þá þykir rétt að lækka sektarfjárhæð þar sem að málsaðili gekkst við brotinu í upphafi samskipta sinna við fjármálaeftirlitið, upplýsti um ástæður brotsins og lýsti því að unnið væri að því að bæta verklag og auka fræðslu til að draga úr líkum á því að brot af þessu tagi endurtaki sig. Málsaðili óskaði enn fremur eftir að ljúka málinu með sátt við fjármálaeftirlitið. Á hinn bóginn horfir til hækkunar sektarfjárhæðar að málsaðili hefur á síðustu fimm árum gerst sekur um brot gegn lögum sem gilda á fjármálamarkaði þar sem rétt þótti að beita málsaðila viðurlögum. Málsaðili gerði sátt við fjármálaeftirlitið hinn 14. nóvember 2019 þar sem málsaðili viðurkenndi að hafa brotið gegn 2. mgr. 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og samþykkti að greiða sekt að fjárhæð 21.000.000 kr. til ríkissjóðs. Þá tók fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands ákvörðun hinn 7. júlí 2020 um að beita málsaðila sekt að fjárhæð 87.700.000 kr. fyrir brot á 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007. Rétt er að geta þess að málsaðili bar gildi þeirrar ákvörðunar undir dómstóla, en með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6521/2020, sem kveðinn var upp 19. apríl 2022, var Seðlabankinn sýknaður af kröfum málsaðila, sem áfrýjaði niðurstöðunni til Landsréttar.

Með hliðsjón af framangreindu, þ.e. eðli, umfangi og alvarleika brots málsaðila, sjónarmiðum hans, heildarveltu málsaðila m.v. ársreikning hans fyrir árið 2021 og atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með samkomulagi um sátt, er málsaðila hér með boðið að ljúka málinu með sátt og til greiðslu sektar að fjárhæð 5.500.000 krónur til ríkissjóðs.